Jóhann Björnsson
(Hverfisg. 16B)
Linnetsstígur 9A.

516

# Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

kunngjörir: Samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á fundi hennar 11. nóvbr. 1913 og 30. nóvbr. f. á.
er herra húsmanni Kristjáni Jónssyni hjer í bænum

leigð á erfðafestu lóð suðvestan við lóð Linnets kaupmanns, er útmælist þannig: meðfram lóð Guðmundar Sigurjónssonar, sem liggur norðaustan við Austurgötu, að Linnetslóð 12 m.,frá suðurhorni þessarar línu er lóðin 13 m. löng, mæld til norðausturs meðfram "Linnetslóð".- Að norðaustan er lóðin 12 m. til norðvesturs, en frá því hornmarki er mæld lína til suðvesturs að vesturhorni lóðarinnar, meðfram norðvesturkant lóðarinnar.- Er lóðin þannig alls að flatarmáli 156 fermetrar.-

Leiguskilmálar eru þessir:

1. gr.

Lóðin er leigð til þess að byggja á henni hús og önnur manvirki, svo og til ræktunar og yfir höfuð til hverra verklegra og vanalegra afnota, er eigi koma í bága við fyrirskipanir vega- og byggingarnefndar og fyrirmæli lögreglu- og heilbrigðissamþyktar.

2. gr.

Lóðin er leigð til erfðafestu, þannig að leiguliði hefir rétt til að selja og veðsetja afnotarétt sinn til lóðarinnar ásamt húsum og mannvirkjum á henni, en vilji hann selja erfðafesturétt sinn að öllu eða nokkru leyti, hefir bæjarstjórnin forkaupsrétt.

3. gr.

Í leigu eftir lóðina greiði leiguliði ár hvert, fyrir 1. októbermánaðar, til gjaldkera bæjarsjóðs kr. 9.36-níu-krónur,36 aura.-
sem er 4°/₀ af virðingarverði lóðarinnar eftir mati fasteignarnefndar. — Gjalddagi hinn fyrsti er 1. oktbr. 1916.-

Hús og önnur mannvirki á lóðinni eru að veði fyrir lóðargjaldinu, og sé það eigi greitt í ákveðinn gjalddaga, má því til lúkningar gjöra fjárnám í húsum öllum og mannvirkjum á henni án dóms og laga, samkvæmt 15. gr. laga 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Hafnarfjarðarbær
Innk: 22.4.2015
Málsnr: 1504362
Bréfal: 521.1

4. gr.

*Flytji leiguliði öll hús af lóðinni eða felli þau niður á einhvern hátt og greiði eigi lóðargjaldið, gengur samningur þessi úr gildi, og fellur lóðin þá aftur til eiganda án uppsagnar.*

5. gr.

*Innan 3ja mánaða frá undirskrift samnings þessa skal leigutaki eða umráðamaður lóðarinnar hafa sett glögg og varanleg merki um lóðina, er sýni hornmörk hennar.*

6. gr.

*Leiguliði greiði alla skatta og gjöld til hins opinbera, er lögð kunna að verða á erfðafestulóðir sem gjaldstofn.*

*Bæjarstjórinn í Hafnarfirði, hinn* 18. feb. 19 16

Magnús Jónsson

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

*Við erfðafestubréfi, sem þessu er samhljóða, hefi eg tekið, og skuldbind mig til þess að halda skilmála þess í öllum greinum.*

*Hafnarfirði, hinn* 18. feb. 19 16. –

Kristján Jónsson

*Vitundarvottar:*

Böðvar Grímsson

Sig. Kristjánsson